

Aukaársfundur Birtu lífeyrissjóðs, haldinn fimmtudaginn 22. júní 2017 í Hvammi, Grand hótél Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 17:00.

Mætt voru til fundarins fulltrúar úr stjórn Birtu, framkvæmdastjóri, 26 skipaðir fulltrúar atvinnurekenda, 60 kjörnir fulltrúi úr hópi launamanna auk annarra sjóðfélaga.

Dagskrá aukaársfundar:

1. Tillögur til breytinga á samþykktum Birtu lífeyrissjóðs
2. Kynning á áhrifum og ástæðum tillaga um breytingar á samþykktum Birtu lífeyrissjóðs
3. Atkvæðagreiðsla
4. Önnur mál

Jón Bjarni Gunnarsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Jón gerði tillögu um Finnbjörn A. Hermannsson, sem fundarstjóra og var hún samþykkt. Finnbjörn tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Írisi Önnu Skúladóttur sem fundarritara og var hún samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins en hann var auglýstur með fundarboði til aðildarfélaga og aðildarfyrirtækja, dagsettu 24. maí 2017. Hann var að auki auglýstur með í fréttablaðinu 10. og 15. júní og í Morgunblaðinu 15. júní. Þá var fundurinn auglýstur á RÚV og á Bylgjunni 15., 21. og 22. júní. Loks voru fulltrúar minntir á fundinn með rafrænu fundarboði og símhringingum eftir því sem við átti. Lýsti hann því fundinn lögmætan og var gengið til dagskrár.

Fundarstjóri fór yfir og kynnti dagskrá fundarins.

1. Tillögur til breytinga á samþykktum Birtu lífeyrissjóðs

Kristján Geir Pétursson lögmaður Birtu lífeyrissjóðs kynnti breytingatillögurnar. Hann útskýrði hugtakið sem upphaflega var *bundin séreign* en fékk síðar vinnuheiðið *tilgreind séreign*, til aðgreiningar frá bundinni séreign Frjálsa lífeyrissjóðsins sem er annars eðlis. Fór hann yfir að breytingar þyrftu að eiga stoð í samþykktum almennu lífeyrissjóðanna, þar sem ekki hefði verið eining innan lífeyrissjóðakerfisins um upphaflega fyrirhugaða lagabreytingu. Starfræktur var rýnihópur innan fjármálaeftirlitsins sem sá til þess að túlkun yrði einsleit á milli sjóða til framtíðar. Fór hann yfir ferli samþykkis nýrra samþykktu en fyrst eru þær lagðar til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem þarf að staðfesta nýjar samþykktir að fengnu álíti frá fjármálaeftirlitinu. Venjulega hefur ráðuneytið two mánuði til þess að fara yfir samþykktarbreytingar en nú þurfa þær að ganga í gegn fyrir föstudaginn 30. júní og því hafa þessar tillögur verið unnar í samráði við ofangreinda aðila og þeim verið send drög breytingatillaganna.

Í fyrsta lagi er sú meginbreyting gerð að sjóðurinn mun framvegis starfa í premur aðaldeildum. Nýja deildin er þá tilgreind séreignardeild. Þangað verður iðgjaldi einungis ráðstafað óski sjóðfélagi eftir því. Trúlega sé þetta stærsta kerfisbreyting á lífeyrissjóðakerfinu frá því séreignin var innleidd árið 1997. Sumum þykir þessi viðbót flækja kerfi sem nú þegar er flókið að margra mati en sjóðurinn hefur lagt kapp á að hafa aðgengilegt kynningarefni á vef sínum svo sjóðfélagar geti farið vel yfir sín mál og tekið upplýsta ákvörðun um ráðstöfun sína.

Fjórða greinin leiðir af ofangreindu og segir einfaldlega að greiðendur og einungis greiðendur í deildina verða rétthafar hennar. 10. greinin hnykkir á því að sjóðfélaginn ákveði sjálfur hlutfall ráðstöfunar sinnar og mun það hlaupa á hálfu prósentí eða frá 0,5% upp í 3,5%. Frá 1. júlí verður því hægt að ráðstafa öllu viðbótariðgjaldinu sem samið hefur verið um, þrátt fyrir að lokahækkunin taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 2018. Ákveði sjóðfélagi að gera ekkert mun iðgjald að fullu renna til

samtryggingardeildar. Það er sjóðfélagsans að ráðstaf iðgjaldinu að hluta eða öllu leyti í tilgreinda séreign. Grein 11.5 er til þess að áréttu að það geti verið til staðar samningar um hærra iðgjald í samtryggingu en 12% og því þurfir til lágmarkstryggingarverndar að lágmarki 12% iðgjald. Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, hefur staðfest að greinin hafi ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Varðandi nýjan kafla samþykkta sem inniheldur 17. greinina hafði hann neðangreint að segja en breytingartillögurnar í heild sinni eru í viðauka við fundargerð þessa.

17.1 Rekstur T deildar lýtur sömu stjórn og aðrar deildir sjóðsins og skal hún ekki niðurgreidd af annarri starfsemi.

17.2 Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% af iðgjaldastofni umfram 12% í T-deild, enda sé mælt fyrir um slíkt í kjara- eða ráðningarsamningi.

17.3 Segir að sjóðfélaga beri að tilkynna sjóðnum val sitt með sannanlegum hætti en með því er átt við rafræna auðkenningu á þjónustugátt Birtu eða fyrir þá sem ekki hafa tök á rafrænni auðkenningu verður hægt að gera skriflegan samning gegn skilríkisauðkenningu á skrifstofu sjóðsins, en sjóðurinn mælist til þess að valið fari fram á þjónustugáttinni. Birta er fyrsti sjóðurinn sem hyggst afgreiða þessa samninga rafrænt. Þar verður yfirlýsing um að fólk hafi kynnt sér áhrif vals síns og verður ákvörðun rekjanleg og skráð.

17.4 er varnagli ef eitthvað gengur ekki sem skyldi við innleiðingu samninga er sjóðurinn skaðlaus af því þótt tveir almanaksmánuðir líði frá tilkynningu fram að virkri ráðstöfun. Þetta ákvæði er eins hjá öllum sjóðum og hefur verið rýnt af lögfræðingum. Ákvörðun um ráðstöfun er ekki asturvirk.

17.5 er úr kjarasamningnum en þar var vilji samningsaðila að strangari úttektarreglur myndu gilda um þetta samningsbundna iðgjald heldur en gilda um hefðbundna séreign. Heimilt verður að hefja úttekt við 62 ára aldur og verður að dreifa úttekt hið minnsta fram að 67 ára aldri. Eins er hægt að fresta tökunni og styttist þá úttektartíminn hlutfallslega þar til 67 ára aldri er náð en þá er hægt að taka iðgjaldið út í einu lagi.

17.6 segir að ef sjóðfélagi verði öryrki og verði að hætta störfum fyrir 60 ára aldur, á sá hinn sami rétt að hefja útgreiðslur með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á minnst 7 árum eða á hlutfallslega skemmri tíma ef styrra er en 7 ár í það að hann nái 67 ára aldri. Þessar reglur eru sambærilegar þeim sem gilda um séreign í Birtu.

17.7 felur í sér þá réttarvernd sem er fyrir hendi ef til fráfalls kemur. Inneign fellur til erfingja hins látna og skiptist samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Láti réthafi ekki eftir sig maka og börn rennur innstæðan til dánarbúsins en sömu lögmál gilda hér og um viðbótalífeyrissparnað í dag.

17.8 áréttar að stjórn sé heimilt að bjóða upp á eina eða fleiri fjárfestingaleiðir. Um ávöxtun gildir 36. grein laga um lífeyrissjóði, sem er sú sama og gildir um samtryggingu. Það verður í upphafi farið af stað með eina ávöxtunarleið hjá Birtu lífeyrissjóði.

2. Kynning á áhrifum og ástæðum tillaga um breytingar á samþykktum Birtu lífeyrissjóðs

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri, tók við og byrjaði á að vísa á kynningarefnini á heimasíðu sjóðsins. Biðlaði hann til sjóðfélaga að varpa fram spurningum sem hægt væri að svara á heimasíðunni, til sýnis og útskýringar fyrir aðra sjóðfélaga. Hann sýndi hvernig nálgast má reiknivél á sjóðfélagavef Birtu. Í stað þess að búa til stöðluð kynningardæmi var ákveðið að setja upp reiknivél.

Þegar hún er fullprófuð og samþykktir hafa tekið gildi hyggist starfsfólk setja hana í loftið. Nefndi hann sem dæmi að sjóðfélagi sem greiði í sjóðinn 15,5% iðgjald í samtryggingu frá 27-67 ára aldurs, eða í 40 ár, mun fá 80% af tekjum sínum frá 67 ára aldri til æviloka, miðað við núverandi forsendur. Vegna lýðfræði sjóðsins geti sjóðurinn boðið upp á réttindi umfram hin lögþundu 56% í dag. Hann útskýrði að ekki vært hægt að gera viðtækara og sérsniðnara markaðsefni en reiknívél, þar sem hver og einn getur sett in sínar forsendur og því hafi verið ákveðið að fara þessa leið.

Hann kynnti þjónustugátt umsókna sem hefur vinnuheitið *minar síður*, sem margir kannist eflaust við hjá örðum stofnunum. Þar munu tilkynningar um ráðstöfun tilgreindrar séreignar verða móttaknar. Þeir sem vilja tilkynna um ráðstöfun á pappír, þurfi að auðkenna sig með skilríkjum að skrifstofu sjóðsins, aðrir geti auðkennt sig með rafrænum skilríkjum á sínum síðum hjá Birtu. Þá kom spurning úr sal um það hvort símanúmer yrði að vera á skrá hjá Birtu. Svo er ekki, notast er við rafræn skilríki í gegn um *Auðkenni*. Umsóknum og samskiptum verður safnað á þessa þjónustugátt með von um að framtíðarsamskipti við sjóðfélaga geti verið að langmestu leyti rafræn. Þjónustugáttin hefur verið í undirbúningi í fjóra mánuði og er sjóðurinn stoltur af því að geta boðið upp á þessa leið. Starfsfólk sjóðsins mun hljóta þjálfun í að leiðbeina sjóðfélögum sem þurfa aðstoð við notkun síðunnar. Við höfum ekki séð reiknívélar annarra sjóða en bindum vonir við að reiknívél Birtu verði öðrum sjóðum fyrirmund.

Ólafur lauk máli sínu og gaf fundarstjóri orðið laust um dagskrárlíði 1 og 2.

Óskar Guðmundsson, sprýr annars vegar hvort hægt verði að ráðstafa 1,5% samkvæmt kjarasamningum sem verði lausir í febrúar. Hins vegar sprýr hann hvort við ætlum að treysta ríkinu í blindni fyrir einni stærstu breytingu sem gerð hafi verið á íslenska lífeyrissjóðakerfinu. Síðasta stóra breyting sem gerð hafi verið, hafi falið í sér yfirtöku á 600 milljarða króna skuldbindingum ríkissjóðs.

Sigurður Einarsson spurði hvers vegna þessar breytingar væru gerðar núna? Í þessum breytingum felist lýðræðishalli. Innan skamms munum við borga 21,5% í lífeyrissjóð. Er verið að segja okkur að lífeyrissjóðirnir séu komnir á hausinn? Við erum neyddir til þess að greiða í Birtu, hvers vegna má ég ekki nota minn sparnað til fjárfestinga í erlendum gjaldeyrí ef ég hef ekki trú á íslensku krónunni? Hvers vegna er ég bundinn við Birtu og hef ekki annað val? Af hverju er þetta svo nauðsynlegt einmitt nú, að bæta við þennan sparnað?

Ólafur Sigurðsson svarar spurningu Sigurðar. Einungis sé verið að bjóða sjóðfélögum upp á þann möguleika að ráðstafa viðbótariðgjaldinu með þessum hætti. Það sé ákvæði kjarasamnings að iðgjaldið skuli fylgja iðgjaldi í samtryggingarsjóð og eins væri hækkan mótfamlagsins nú, efni kjarasamningsins. Ráðstöfun í tilgreinda séreign væri til þess allin að auka sveigjanleika sjóðfélaga við starfslok. Ólafur bendir Óskari að verði kjarasamningar lausir verði við því brugðist með eðlilegum hætti en þetta sé ákvæði kjarasamnings. Hans raun sé að mikill áhugi sé fyrir þessari ráðstöfun viðbótariðgjaldsins. Varðandi það hvort treysta eigi ríkinu í blindni segist Ólafur ekki endilega reyða sig á mögulegar væntanlegar tekjur frá tryggingastofnun eftir 30 ár og því reyni hann sjálfur að leggja fyrir í séreign og nýta þá sparnaðarmöguleika sem eru fyrir hendi. Bendir hann á að miðað við forsendur dagsins í dag, en það sé auðvitað háð framtíðarávöxtun og fleiri þáttum, fái sjóðfélagi sem greitt hafi í 40 ár, 80% tekna sinna ævilangt frá 67 ára aldri. Tillögur þessar séu lagðar fram í samræmi við lög.

Magni Rafn Jónsson sprýr hvers vegna ekki sé hægt að ráðstafa 0,5% mótfamlaginu sem bættist við frá 1. júlí 2016? Þá þótti honum skrítíð að sjóðurinn hampaði sér fyrir að afgreiða þessar samþykktarbreytingatillögur á 22 dögum þegar beðið hefði verið eftir heimild til ráðstöfunar viðbótarmótfamlags í séreign í heilt ár.

Borgþór Hjörvarsson sprýr hvort sjóðurinn sé í auknum mæli farinn að horfa til erlendra fjárfestinga, til að mynda í hlutabréfum, til þess að dreifa áhættunni betur en nú sé gert. Bentí hann í því samhengi á gengisfall Icelandair fyrir nokkrum mánuðum sem orsakaði miljarða króna tap fyrir íslenska lífeyrissjóði. Þá vildi hann að sjóðurinn, sem eigandi í sterkum fyrirtækjum ætti að reyna að að láta meira til sín taka í stjórnun fyrirtækja sem sjóðurinn er stór hluthafi í.

Valgeir Jónasson, velti upp þeiri spurningu hvort kannað hefði verið, hversu mikið þessi viðbótarsparnaður muni léttá á greiðslubyrði Tryggingastofnunar. Hann veltir fyrir sér hvort breytingin verði til þess fallin að lækka lífeyri og léttá undir með ríkinu.

Ingí Stefán Ólafsson velti fyrir sér hví búið sé að binda í orðalag að einungis 3,5% umfram mótfamlags verði heimilt að ráðstafa í tilgreinda séreign. Breytist þessi prósenta í framtíðinni muni auðsjárlega þurfa að breyta samþykktum.

Kristján Geir Pétursson svarar spurningu Óskars Guðmundssonar á þá leið að kjarasamningur um lífeyrismál sé sjálfstæður, aðrir þurfi að leiðréttu sig, fari hann með rangt mál. Þá svarar hann Magna Rafni á þá leið að það sé vissulega heimilt að ráðstafa 0,5% iðgjaldaauknuningunni sem kom til fyrir ári síðan, en sú ráðstöfun virki ekki afturvirk.

Ólafur Sigurðsson svarar síðari ábendingu Magna um undirbúningstíma tillaganna á þá leið að ekki hefði legið ljóst fyrir, með miklum fyrirvara, að ekki kæmi til lagabreytingar. Umræður hafi staðið yfir á þingi fram undir vor. Hann svaraði Borgþóri að markmið væri um 30% fjárfestingahlutfall í erlendum hlutabréfum með ákveðnum vikmörkum. Sjóðurinn vinni að því að losa um eignir innan lands og endurfjárfesta erlendis. Þetta sé gert í skynsamlegum skrefum. Þá áréttar hann að stjórn sjóðsins sé sammála því sjónarmiði að sjóðurinn láti til sín taka í rekstri þeirra félaga sem hann er stór hluthafi í og komi í veg fyrir að fyrirtækjum sé stýrt af hluthöfum sem eiga líttinn hlut sjálfir. Þá svarar hann spurningu Valgeirs. Hann bendir á að í dag, sé ekki tekjutenging við séreign. Að óbreyttu ætti þessi ráðstöfun í tilgreinda séreign því ekki að léttá undir með tryggingastofnun en hann geti ekki svarað til um það hvort það verði óbreytt þannig til framtíðar.

Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður stjórnar Birtu, bætir við svarið við spurningu Sigurðar Einarssonar um það hvers vegna iðgjald sé að hækka að það hafi verið skýr krafa í landinu um að samræma lífeyrisréttindi almennra lífeyrissjóða og ríkisins. Ekki hafi verið samstaða um það hjá ríkistryggðum lífeyrissjóðum að lækka iðgjaldið úr 15,5% eins og það er nú, í 12% eins og það var hjá almennu sjóðunum og því hafi þurft að fara hina leiðina og hækka iðgjald í almennu lífeyrissjóðina. Var um það samið í kjarasamningi árið 2015 og það sé því ákvörðun sem búið sé að taka. Efni fundarins varði ekki hækkan iðgaldsins, því hana sé þegar búið að semja um. Það hafi verið gerður samningur um útfærslu á ráðstöfun þessa iðgalds og til þeirrar útfærslu sé tekin afstaða nú.

Hermann Guðmundsson telur að það sé engum vafa undirorpíð að við séum með þessu að bjarga ríkisstjórninni, sem ekki hafi viljað breyta lögum um lífeyrissjóði, frá því að sitja eftir með skömmina og verið sé að gera þeim kleift, með aðskilnaði tilgreindrar séreignar frá hefðbundinni séreign, að skerða sjóðfélaga síðar greiðslur sjóðfélaga frá Tryggingastofnun. Hann hefði viljað fá að ráðstafa þessu iðgaldi í hefðbundna séreign þar til lög yrðu sett um ráðstöfun iðgaldsins. Þá þótti honum gott að sett yrði þak á bundna séreign í T deild til þess að tryggja að ef samið yrði um frekari hækkan mótfamlags, sé þeiri hækkan varið í hefðbundna séreign. Að lokum hrósaði hann starfsfólki sjóðsins mjög fyrir sinn þátt í undirbúnungi og fyrir gott kynningarafn. Reiknivélin sé skýr og aðgengileg og kraftaverki líkast hverju sjóðurinn hefði áorkað á stuttum tíma. Þá þótti honum einnig óréttlátt að starfsfólk lífeyrissjóðsins þurfi að sitja fyrir svörum um aðgerðir stjórnvalda. Um þessa hluti hafi verið samið.



EKKI voru fleiri á mælendaskrá undir þessum lið.

3. Atkvæðagreiðsla

Fundarstjóri vill leggja tillögurnar fram í einu lagi þar sem og ber þá tillögu upp við fundinn.

Óskar Guðmundsson segir að gildistöku kaflann þurfí að skilja frá öðrum tillögum við atkvæðagreiðslu.

Fundarstjóri vildi síður fara þá leið. Bentí hann á að kjarasamningurinn væri í gildi þar til honum væri sagt upp. Fundarstjóri bar upp við fundinn hvort fleiri vildu fara þá leið. Svo var ekki og því voru tillögur bornar upp til atkvæðagreiðslu í einu lagi.

Biður hann þá sem eru fylgjandi samþykktarbreytingum að gefa merki. Þá biður hann þá sem eru á móti að gefa merki.

Tillögur voru samþykktar með meginþorra atkvæða gegn 4.

4. Önnur Mál

Fundarstjóri tilkynnti að ekki væru tillögur löglega upp bornar, með viku fyrirvara til stjórnar, sem yrðu tekna fyrir á fundinum. Hann gaf því næst orðið laust undir liðnum önnur mál.

Guðjón Viðar Guðjónsson sprýr hvað lífeyrissjóðurinn ætli að gera varðandi 20 milljón króna bónusgreiðslu til stjórnarformanns Framtakssjóðs Íslands nú á dögunum. Hann nefndi þá að Birta ætti 5% hlut í Höggum en forstjóri Haga sé með 76 milljónir króna í árslaun, stjórnarformaður með 8,1 milljón og aðrir stjórnarmenn skipti á milli sín 150 milljónum og það sé hreinlega ekki í lagi. Sprýr hann hvort sjóðurinn ætli að gera eitthvað í því. Þá sagði hann sjóðinn eiga um 3% í HB Granda sem hafi farið illa með Skagamenn. Þessir þættir séu neikvæðir fyrir sjóðinn út á við. Hann segir að af fenginni reynslu þýði lítið að koma með tillögur til ályktunar fyrir ársfund þar sem þær fái sjaldnast brautargengi. Þær myndi samþykktar ef vinnufélagar hans væru kjörnir fulltrúar lífeyrissjóðsins.

Rúnar Bachmann, stígur í pontu og segir að Framtakssjóð Íslands beri að leysa upp. Hann hafi verið valdur af tveimur hneykslum nýverið, valinn hefði verið hrúnmaður sem stjórnarformaður og gerð hafi verið óásættanleg tillaga að stjórnarlaunum sem hafi að einhverju leiti verið felld og nú nýverið hafi verið greidd óhófleg bónusgreiðsla til stjórnarformanns. Leggur hann til að lífeyrissjóðurinn beitti sér fyrir því að sjóðurinn verði lagður niður og hætti starfsemi og eins að hann aðhafist eitthvað vegna bónusgreiðslunnar.

Fundarstjóri bentí á að litið yrði á umræðu um Framtakssjóð Íslands með þeim hætti að henni sé beint að stjórn sjóðsins sem muni þá fjalla um málið.

Gylfi Ingvarsson, stjórnarmaður segir ánægjulegt að heyra hversu vel menn fylgist með fjárfestingum sjóðsins og eignarhlutum í einstökum félögum og fyrirtækjum. Það hafi verið samþykkt í stjórn að sjóðurinn beitti sér gegn óhóflegum bónusgreiðslum til stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfesti í. Bentí hann á að fram hafi komið í fréttum fyrr í dag að Kvika banki vilji kaupa Virðingu, sem sjóðurinn á hlut í. Í Kviku séu greiddar bónusgreiðslur sem menn séu ósáttir við. Það verði því að fylgjast vel með þróuninni ef Virðing yrði sold inn í Kviku banka. Óhóflegar bónusgreiðslur séu að eiga sér stað í íslensku samfélagi í dag og taka þurfí skýra stefnu um það hvernig skuli bregðast við í þeim eftum.

RT
JMS

Ólafur Sigurðsson, vildi áréttu, þar sem gefið væri í skyn að sjóðurinn sé ekki að beita sér í þessum málum. Sjóðfélagar geti fundið það í fundarbókunum stórra fyrirtækja að fulltrúar frá Birtu hafi gert athugasemdir um að bónusgreiðslum séu ekki gerð nægilega góð skil í ársreikningum. Ein leið til þess að bregðast við þessu væri að selja hlut sjóðsins í fyrirtækjum en hin leiðin, sú sem Birta fer, er að eiga samtal og fundi með stjórnendum fyrirtækja og fara yfir þessi mál og lýsa afstöðu sjóðsins. Sjóðurinn hafi til að mynda átt fund með stjórnarformunum FSÍ og fleiri fyrirtækja varðandi þessi málefni. Hann vildi einfaldlega koma því áleiðis að sjóðurinn sé vakandi og virkur hvað þessi mál varðar.

Kristján Þórður Snæbjarnarson vildi áréttu að sjóðurinn er að beita sér í þessum eftum. Hann hafi setið aðalfundi félaga þar sem fulltrúi frá Birtu lífeyrissjóði hafi gert kröfu um að skýr rammi sé í kring um bónusa og að bónusar séu í eðlilegu hófi. Hann vildi einungis staðfesta að sjóðurinn sé að beita sér í þessum málum en það sé eflaust ávalt hægt að gera meira og betur. Varðandi framtakssjóðinn þá tekur hann undir skoðun Rúnars um að sjóðurinn aðli upplýsinga um það hvað liggur að baki umræddri bónusgreiðslu til stjórnarformanns Framtakssjóðs Íslands og hver hafi samþykkt greiðsluna, hvort það hafi verið stjórnarformaður eða einnig stjórn. Fara þurfi vel yfir þetta mál og eins var hann sammála því að tilefni væri til þess að leysa upp sjóðinn sökum hneyksla síðustu ára.

Ekki komu fram fleiri spurningar úr sal.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til þess að ganga frá fundargerð í samvinnu við fundarritara eftir fundinn og birta hana síðan á vef sjóðsins og var sú tillaga samþykkt.

Þakkaði hann fundargestum fyrir komuna og var fundi slitið kl. 18:16.



Finnbjörn A. Hermannsson, fundarstjóri



Íris Anna Skúladóttir, fundarritari